

Byrjendalæsi

Kennarar: Árný Hallfríður Herbertsdóttir; Ástrún Jakobsdóttir; Herdís Magnea Hübner

3

Lýsing

Í byrjendalæsi eru þessi fög samþætt og íslenskuverkefni unnin í bland við náttúrufræði og samfélagsfræði. Fögin fá stuðning hvert frá öðru og mörg íslenskuverkefni unnin út frá hinum fögunum.

Markmið:

Markmið - Íslenska

Að nemandi:

- Geti hlustað á aðra, greint frá upplifun sinni af hlustun og tekið þátt í umræðum um efnið, endursagt og skráð í rafrænu formi.
- Geti lesið og farið eftir einföldum leiðbeiningum. Temji sér að lesa á hverjum degi og nái 100 orðum á mínútu að vori. Bæti við orðaforða sinn og geti ráðið í merkingu orða út frá samhengi textans. Geti lesið úr myndrænu efni. Læri ljóð og þulur. Vinni með margskonar bókmenntatexta.
- Venjist að nota tengiskrift og geti skrifað eigin texta og skrifað eftir upplestri. Þjálfist í stafsetningu, uppsetningu texta og frágangi. Geti nýtt sér fyrirmyndir úr mismunandi miðlum. Geti skrifað texta á tölvu og beitt einföldum aðgerðum í ritvinnslu.
- Geri sér grein fyrir orðflokkunum no., so., og lo. ásamt kyni og tölu orða. Geti raðað í stafrófsröð og skilið notagildi þess við leit. Skilji að orð hafi mismunandi merkingu og jafnvel sama orðið margar.

Náttúrufræði - markmið

Að nemandi geti:

- Notað einföld hugtök í náttúruvísindum.
- Gert sér grein fyrir því hvernig tæknin hefur áhrif á daglegt líf og lífsgæði í umhverfi manna.
- Sýnt virkni í nánasta umhverfi og hugað að lífverum þar og átti sig á að maðurinn er hluti af náttúrunni. Fyrir lífsafkomu mannsins er samspil hans og náttúru samofið.
- Aflað sér upplýsinga og notað ólíkar heimildir við öflun þeirra.
- Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.
- Fylgst með og skráð veður í heimabyggð.
- Geta sagt frá náttúruhamförum sem geta orðið á Íslandi og þá hvar.

Samfélagsgreinar (samfélagsfræði og lífsleikni)

Að nemandi geti:

- Geti lýst því hvernig orð og athafnir hafi afleiðingar.
- Geti lýst því hvernig loftslag og gróðurfar hafi áhrif á lífnaðarhætti fólks.
- Geti sagt frá persónunum og atburðum úr Íslandssögunni nær og fjær.
- Átti sig á mikilvægi og fjölbreytni fjölskyldugerða.

- Geti sett sig í spor annarra og geri sér grein fyrir jákvæðum og neikvæðum áhrifum sem þeir sjálfir geta haft á líðan annarra og í umhverfinu almennt.
- Geti verið með í samfélagi manna, tekið þátt í starfi og samræðum. Virði samskiptareglur, skráðar og óskráðar, sýni umhyggju og taki tillit til annarra í leik og starfi.

Tillögur að námsefni

Komdu og skoðaðu Himingeiminn

Þemaheftið Krummi

Komdu og skoðaðu Hringrásir

Komdu og skoðaðu Landnámið

Litlu landnemarnir eftir lðunni Steinsdóttur

Komdu og skoðaðu Landakort

Könnum kortin 2

Gott Kvöld eftir Áslaugu Jónsdóttur

Ormur gutti og litli indjáninn eftir Huginn Þór Grétarsson

Guttavísur eftir Stefán Jónsson

Að auki eru notaðar bækurnar Litla Lesrún, Lesrún, Ritrún 2 , Ítalíuskraft 3a og b og ýmis verkefni frá kennurum sem tengjast efni bókanna sem verið er að vinna með hverju sinni.

Námsefni:

Ýmsar sögubækur, Ítalíuskraft, 3a og 3b, Ritrún 2 eða 3, Litla lesrún, Komdu og skoðaðu landakort, landnámið og himingeiminn, Könnum kortin 2. Auk ýmissa verkefna frá kennurum.

Kennsluaðferðir:

Bein kennsla, hópavinna, stöðvavinna, paravinna.

Námsmat:

Lestur, skrift,vinnulag og ástundum. Einkunn gefin í bókstöfum að vori.

G.Í. íslenska 3. bekkur - Talað mál, hlustun og áhorf

- Getur flutt stuttan texta fyrir áheyrendur og temur sér góðan og skýran framburð, jafnt í upplestri sem tali
- Hlustar á sögur, leiktexta og ljóð, bæði sem kennari les og flutt eru á rafrænu formi og getur greint frá upplifun sinni
- Hlustar á aðra og getur tekið þátt í umræðum

G.Í. íslenska 3. bekkur - Lestur og bókmenntir

- Er læs og getur lesið einfaldar leiðbeiningar og farið eftir þeim
- Getur nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orða út frá samhengi
- Temur sér daglegan yndislestur
- Getur lesið úr táknmyndum og myndrænu efni svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum
- Hefur þjálfun í að fá bækur að láni á bókasafni
- Getur lesið a.m.k. 160/200 atkvæði á mínútu að vori
- Kann ljóð, þulur og vísur til söngs og upplesturs

G.Í. íslenska 3. bekkur - Ritun

- Temur sér að nota tengiskrift
- Hefur þjálfun í að stafsetja rétt og leggur sig fram um að vanda frágang

G.Í. íslenska 3. bekkur - Málfræði

- Gerir sér nokkra grein fyrir orðflokkunum nafnorð, sagnorð og lýsingarorð
- Getur raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag
- Getur leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu

G.Í. Náttúrugreinar 3. bekkur - Efling ábyrgðar á umhverfinu

- Rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns

G.Í. Náttúrugreinar 3. bekkur - Að búa á jörðinni

- Lýst landnotkun í heimabyggð
- Fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð
- Notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar til að lýsa heimabyggð

G.Í. Náttúrugreinar 3. bekkur - Náttúra Íslands

- Sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða

G.Í. Náttúrugreinar 3. bekkur - Heilbrigði umhverfisins

- Rætt krafta sem koma við sögu í daglegu lífi manna

G.Í. Samfélagsgreinar 3. bekkur - Reyntuheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- geti lýst því hvernig orð og athafnir hafi afleiðingar
- getir sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum sem tengjast Íslandi og nær samfélaginu
- geti áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra
- geti áttað sig á mikilvægi fjölskyldu og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna

G.Í. Samfélagsgreinar 3. bekkur - Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- geti bent að gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig
- geti gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð sem hafa áhrif á líf hans og líðan
- geti sett sig í spor annarra jafnaldra

G.Í. Samfélagsgreinar 3. bekkur - Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- geti tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi
- geti sýnt tillitsemi og umhyggju í leik og starfi
- geti sýnt að hann virði reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar og nefnt dæmi um slíkar reglur

